

5. fundur hverfisráðs Sandvíkurhrepps haldinn 17. September kl. 16:15.

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir

María Hauksdóttir

Páll Sigurðsson

Anna Valgerður Sigurðardóttir

Arna Ýr Gunnarsdóttir

Atli Marel Vokes og Sigurður Þorvarðarson frá sveitarfélaginu

Bárður Árnason frá Eflu.

1.

Göngu og hjólastígur frá Selfossi að Eyrarbakka.

Margrét reifaði málið og greindi frá óánægju íbúa í Tjarnabyggð með núverandi ástand og árekstrum sem hafa orðið vegna notkunar vegarins. Lagður var fram uppdráttur af nýrri útfærslu göngustígsins og nýjum reiðvegi inni í Tjarnarbyggðinni. Bárður og Atli fóru yfir uppdráttinn og útskýrðu hann. Nefndin ákvað að kynna þyrfti málið frekar fyrir íbúum Tjarnabyggðar. Einnig var rætt um göngu og hjólastígatengingu milli Selfoss og Votmúlavegar og telur nefndin tímabært að huga að því sem fyrst.

2.

Skipulag og byggingaheimildir í Tjarnabyggð.

Margrét greindi frá því að mikið væri um ruslasöfnun, gáma og kofa á lóðum í Tjarnabyggð. Spurning er hvort leyfi eru fyrir þessum framkvæmdum og hvort þetta samræmist skipulagi. Sigurður taldi óvíst að svo væri en skipulags og bygginga svið er stöðugt að vinna í þessum málum. Var hann hvattur til að fylgja þessum málum vel eftir. Þá greindi Sigurður einnig frá því að hreinsunarátök eru unnin með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Nefndin ákvað senda hvatningu til íbúa um að hugsa vel um umhverfi sitt, hreinsa til og hafa snyrtilegt.

Fundi slitið kl.17:40.